

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

*Brúnahlíð, deiliskipulagsbreytingar.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 26. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Brúnahlíð, Brúarlandi. Í breytingunni felst að skipulagsmörk eru leiðrétt samkvæmt ábendingu frá Skipulagsstofnun, þannig að „Brúarland, Eyjafjarðarsveit, Brúnagerði, áfangi A og B (05)“ geti öðlast gildi. Breytingin telst óveruleg með tilliti til 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Eyjafjarðarsveitar, 3. mars 2025,*

**Arnar Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 17. mars 2025